

STJÓRNARTÍÐINDI B 68 – 2005

3. júní 2005

1147

Nr. 523

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 669, 12. ágúst 2004,
um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2004/2005.**

1. gr.

Aftan við 1. málslíð 5. mgr. 10. gr. komi nýr málslíður er orðast svo: Þá skal útgerð skips greiða 4.500 kr. hafi komið til skeytasendingar Fiskistofu til útgerðar og skipstjóra samkvæmt 1. mgr. 14. gr. laga nr. 57, 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna, með síðari breytingum.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 1. mgr. 14. gr. laga nr. 57, 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 3. júní 2005.

F. h. r.

Vilhjálmur Egilsson.

Jón B. Jónasson.

2. júní 2005

Nr. 524

AUGLÝSING

**um nýtt deiliskipulag og breytingar á
deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík.**

Vesturbæjarsundlaug.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkt borgarráð Reykjavíkur, þann 27. apríl 2004 deiliskipulag fyrir lóð Vesturbæjarsundlaugar.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kjalarnes – Esjumelar.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulagsráð Reykjavíkur, þann 27. apríl 2005 breytingu á deiliskipulagi fyrir Kjalarnes, athafnalóðir við Esjumela.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 2. júní 2005.

Helga Bragadóttir.

AUGLÝSING**um deiliskipulag á Akranesi.***Breyting á deiliskipulagi Æðarodda, Æðarodda 25.*

Á fundi bæjarstjórnar Akraness sem haldinn var þann 24. maí 2005, var samþykkt deiliskipulagsbreyting í Æðarodda á Akranesi.

Breytingin felst í að byggingarreitur á lóð nr. 25 við Æðarodda er stækkaður um 9 metra í norður.

Framangreind deiliskipulagsbreyting var grenndarkynnt skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagsbreytingin tekur þegar gildi.

Akranesi, 3. júní 2005

F.h. sviðsstjóra tækni- og umhverfissviðs,

Guðný J. Ólafsdóttir fulltrúi.